

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands

var haldinn í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði 20. desember kl. 15:00.

Mætt voru:

Breiðdalshreppur:	Páll Baldursson
Borgarfjarðarhreppur:	Björn Hafþór Guðmundsson (umboð)
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson
Fjarðabyggð:	Páll Bj. Guðmundsson
Fljótsdalshreppur:	Gunnþórunn Ingólfsdóttir
Fljótsdalshérað:	Stefán Bragason
Seyðisfjörður:	Ólafur H. Sigurðsson
Vopnafjörður:	Björn Hafþór Guðmundsson (umboð)

Einnig sitja fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands, Svanhvít Aradóttir formaður stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands og Valdimar Ó. Hermannsson formaður S.S.A.

Dagskrá:

- 1. Setning**
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**
- 3. Skýrsla stjórnar**
- 4. Ársreikningur 2009**
- 5. Tillaga um breytingu á samningi byggðasamlagsins**
- 6. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011**
- 7. Kosningar**
- 8. Skoðunarmenn**

1. Setning.

Formaður Svanhvít Aradóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Sigurbjörn og Svanhvít voru kosin fundaritarar og Páll Baldursson fundaritari.

3. Skýrsla stjórnar.

Svanhvít flutti skýrslu stjórnar en hún var einnig lögð fram á fundinum.

4. Ársreikning 2009

Sigurbjörn fór yfir ársreikning fyrir árið 2009. Heildartekjur: 46.378.933,-
Heildargjöld: 47.909.382,- Fjármagnstekjur: 1.969.652,- Niðurstaða. 434.203,- Ársreikningur fyrir árið 2009 borinn upp og samþykktur samhljóða.

5. Tillaga um breytingu á samningi byggðasamlagsins.

Sigurbjörn kynnti nýjan samning um Skólaskrifstofur Austurlands og hlutverk hennar varðandi málefni fatlaðs fólks og svo samning um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands. Umræður: Til máls tóku Ólafur H. Sigurðsson, Páll Bj. Guðmundsson, Björn Hafþór Guðmundsson, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Valdimar Ó Hermannsson og Stefán Bragason. Undir þessum lið var öllum þeim sem hönd hafa lagt á plóg í ferlinu fært þakklæti.

Í framhaldi voru samningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða. Því næst voru samningarnir undirritaðir.

6. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Sigurbjörn kynnti fjárhagsáætlunina fyrir árið 2011. Áætlunin hefur þegar verið send til sveitarfélaga til kynningar.

Helstu tölur eru: Tekjur 51.558.726.-

Gjöld 57.558.726.-

Tap 6.000.000.-

Rekstarhalli verður greiddur út úr sjóði. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Kosningar.

Stjórn samkvæmt samningi og varamenn samkvæmt tillögu.

		Varamenn
Borgarfjarðahreppur:	Jón Þórðarson	Jakob Sigurðsson
Breiðdalshreppur:	Páll Baldursson	Unnur Björgvinsdóttir
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson	Andrés Skúlason
Fjarðabyggð:	Páll Bj. Guðmundsson	Gunnar Jónsson
Fljótisdalshérað:	Björn Ingimarsson	Stefán Bragason
Fljótisdalshreppur:	Gunnþórunn Ingólfssdóttir	Jóhann F. Þórhallsson
Seyðisfjörður:	Ólafur H. Sigurðsson	Margrét Guðjónsdóttir
Vopnafjarðarhreppur:	Þorsteinn Steinsson	Þórunn Egilsdóttir

8. Skoðunarmenn.

Kristinn Briem Reyðarfirði

Þóroddur Helgason Reyðarfirði

Til vara

Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði

Sigurlaug Jónasdóttir Egilsstöðum

9. Önnur mál.

Björn Hafþór Guðmundsson framkvæmdarstjóri SSA tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórn Skólaskrifstofu Austurlands kærlega fyrir sín störf.

Jafnframt kynnti Bj. Hafþór smá gjöf frá SSA til Soffíu Lárusdóttur framkv.stjóra

Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi.

Sigurbjörn þakkaði fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf og greindi frá tilhlökkun til samstarfs við nýja stjórn. Svanhvít þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar og gleðilegra jóla og sleit fundinum kl. 16:20.

Fundargerð ritar Páll Baldursson